Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra

Mennta- og barnamálaráðuneytið

Norðurlandi vestra, 23. október 2026

Efni: *Drög að tillögu til þingsályktunar um þriðju aðgerðaáætlun menntastefnu til 2030. Mál nr. S-210/2026*

Öflugt skólastarf er ein af grunnforsendum þess að byggðarlög séu eftirsóknarverðir búsetukostir. Sveitarfélög bera ábyrgð á rekstri leik- og grunnskóla og fámenn sveitarfélög í dreifbýli standa frammi fyrir sérstökum áskorunum við að tryggja sérhæfða kennslu og skólaþjónustu.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) tekur undir megináherslur aðgerðaáætlunarinnar á læsi, stærðfræði, námsgögn og starfsþróun kennara. Stjórnin gerir þó athugasemdir við nokkur atriði sem varða fjármögnun og stöðu sveitarfélaga á landsbyggðinni.

Í kafla um mat á áhrifum kemur fram að ekki sé unnt á þessu stigi að meta þann kostnaðarauka sem af aðgerðunum kann að leiða. Flestar aðgerðir eru sagðar rúmast innan núverandi fjárheimilda, þótt mörgum þeirra sé ætlað að vera útfærðar af sveitarfélögum, t.d. starfsþróun kennara (1.1) og þrepaskiptur stuðningur (3.1). Þá eru framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna skólastarfs nefnd sérstaklega sem fjármunir sem meta þurfi hvort nýtist með skilvirkum hætti. Stjórn SSNV leggur áherslu á að framlög Jöfnunarsjóðs eru fámennum sveitarfélögum nauðsynleg til að halda uppi lögbundnu skólastarfi og að ekki verði dregið úr þeim án samráðs við sveitarfélögin. Kostnaður sveitarfélaga vegna aðgerðanna verði metinn í samræmi við 129. gr. sveitarstjórnarlaga.

Stjórn SSNV fagnar því að ráðuneytið viðurkenni að aðgengi að skólaþjónustu hafi um of ráðist af búsetu og að lagðar verði fram tillögur um samstarf sveitarfélaga á einstökum landssvæðum. Stjórnin leggur áherslu á að slíkar tillögur verði unnar í samráði við sveitarfélög, að fjármagn fylgi og að Miðstöð menntunar og skólaþjónustu styðji við skólaþjónustu á landsbyggðinni með starfsfólki á svæðunum.

Þá leggur stjórn SSNV áherslu á að breytingar á umgjörð fjarnáms í framhaldsskólum (4.3) dragi ekki úr framboði fjarnáms. Fjarnám gerir ungmennum og fullorðnum á Norðurlandi vestra kleift að stunda nám án þess að flytja úr heimabyggð og er mikilvægur hluti af jöfnu aðgengi að menntun.

Stjórn SSNV leggur áherslu á að aðgerðaáætlunin tryggi öllum börnum jöfn tækifæri til menntunar óháð búsetu og að sveitarfélögum verði gert kleift að fylgja henni eftir með fullnægjandi fjármögnun.

F. h. stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra

Sveinbjörg Rut Pétursdóttir

Sveinbjörg Rut Pétursdóttir,
Framkvæmdastjóri

Höfðabraut 6, 530 Hvammstangi
ssnv@ssnv.is
Sími 419-4550
www.ssnv.is